

# **Grafík frá Tamarind**

**Sýning að Kjarvalsstöðum**

**17.09. - 02.10.1988**

**Menningarmálanefnd Reykjavíkur**

**Menningarstofnun Bandaríkjanna**

# Inngangur.

Steinprentmyndirnar á þessari sýningu eru hvorki þær stærstu né þær flóknustu sem gerðar eru í Bandaríkunum í dag. Þær gefa hins vegar mjög gott yfirlit yfir hina fjölbreyttu tjáningarmöguleika þessa miðils, bæði frá tæknilegu og listrænu sjónarmiði. Þær eru einnig allar gerðar í sérstæðri vinnustofu sem leggur mikla áherslu á þjálfun prentara, en þessi vinnustofa er oft talin hafa verið helsti bakhjarlinn í þeirri endurvakningu sem átt hefur sér stað í bandarísku steinprenti. Frá upphafi Tamarind hefur virðing listamanna, sem og safnara og listaverkasala, fyrir þessum listmiðli aukist á ný, og tæknilegir möguleikar steinprentsins hafa einnig aukist gífurlega. Bandarískt steinprent hefur nú þróast langan veg frá litlu, svart-hvítu myndunum sem voru algengastar á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar.

Tamarindstofnunin er kennslustofnun, sem er rekin án hagnaðarvonar, og starfar nú sem sjálfstæð deild við háskólann í Nýju Mexíkó (University of New Mexico). Þó að skipulag stofnunarinnar hafi breyst nokkuð í gegnum árin, þá hefur kjarni starfsins ætíð verið sá sami: Krafa um nákvæm vinnubrögð og bestu hugsanleg gæði. Þó að þær séu þrykktar í nokkrum eintökum, eru allar steinprentmyndir sem eru gerðar hjá Tamarind einstæð listaverk. Þær eru ekki til í neinum öðrum miðli, ef frá eru talin uppköst eða vinnuteikningar viðkomandi listamanna. Þar sem listamaðurinn vinnur þær beint á steinana (eða plöturnar) sem myndirnar eru prentaðar af, er alls ekki hægt að tala um steinprentmyndir sem eftirprentanir. Á vinnustofunni gerir listamaðurinn sérstaka teikningu fyrir hvern lit sem á að prenta, í náinni samvinnu við prentarann sem gefur sérhæfðar leiðbeiningar og veitir tæknilega aðstoð.

Hlutverk prentaranna er mikilvægt, því það er fyrir hæfni þeirra og kunnáttu sem flestir listamenn ná að kanna til fullnustu þá eiginleika sem miðillinn hefur til að bera, og ná loks að koma til skila listrænni tjáningu sinni í þessum miðli. Þar sem steinprent er tæknilega mjög flókin ferill, er það miðill sem krefst mikillar þjálfunar til að góður, samræmdur árangur náist. Því getur listamaður aðeins notað steinprent sem listrænan tjáningarmiðil ef hann hefur aflað sér tækja og allrar þeirrar hæfni sem til þarf - eða þá með samvinnu við aðra.

Um 1950 voru aðeins fáeinir steinprentunarsvinnustofur til í öllum Bandaríkjunum, en í könnun 1981 voru þær taldar nærri eitt hundrad. Prentarar sem hlutu þjálfun sína hjá Tamarind eiga margar af þessum vinnustofum eða starfa þar. Nemendur frá Bandaríkjunum, svo og frá öðrum löndum, sem eru duglegir og áhugasamir um steinprent, fá einstakt tækifæri til náms í þeirri þjálfun fyrir prentara, sem Tamarind býður upp á.

Við erum mjög þakklát „Arts America“ fyrir að gera okkur kleift að halda þessa sýningu. Eins og ætíð er það starf margra einstaklinga sem hefur gert þetta mögulegt. Sérstaklega ber að þakka Evangeline J. Montgomery hjá „Arts America“, svo og Katherine Downer, Rebecca Schnelker og Mary Bates úr starfslíði Tamarind.

Majorie Devon,  
forstöðumaður  
Tamarindstofnunarinnar.

# Áhrif af Tamarind.

Tamarind er hitabeltistré, sem er upprunalega frá Indlandi. Nú hefur það numið land víða í því landslagi, sem mennirnir hafa skapað sér í suðurhluta Kaliforníu. Það var við Tamarind Avenue, hliðargötu í Hollywood, sem sett var á stofn sú vinnustofa, sem hrinti af stað endurveisn í steinprentun í Bandaríkjunum og gerði þennan miðil að mikilvægum þætti í listsköpun margra fremstu listamanna nútímans. Eins og tréð, þá hefur steinprentið dafnað vel í hinum nýju heimkynnum í Los Angeles.

Tamarind steinprentunarvinnustofan var stofnsett í júlí 1960 fyrir tilverknað hins framsýna listamanns, June Wayne, sem var sjálfmenntuð í gerð prentmynda. Á vinnustofunni voru Clinton Adams aðstoðarforstöðumaður og Garo Antreasian yfirprentari. Þessir þrír listamenn tókust í raun á hendur björgunarstarf við steinprentið - þennan miðil sem er líkastur kameljóni í því hvernig hann snýr óbeít á smurfeiti og vatni í aðdáun á áhrifum fjölbreyttra forma og lita í fletinum.

Vinnustofan var sett á laggirnar með styrk frá Ford-stofnuninni, og vinnuhraðinn fyrstu tvö árin var ævintýralegur. Fjögur hundruð þrjátíu og níu myndir voru unnar, sem samsvarar nýrri frummynd annan hvern dag! Frá byrjun var upplagið haft lítið, eða aðeins um þrjátíu eintök af hverju verki. Stórum og fjölbreyttum hópi listamanna var boðið að vinna með færum prenturum og uppgötva þannig möguleika steinprentsins. Meðal hinna fyrstu voru Richard Diebenkorn, Josef og Anni Albers, Reuben Nakian, Louise Nevelson og Sam Francis.

Á fyrstu tíu árunum störfuðu alls 103 listamenn sem aðilar að vinnustofunni eða sem gestir hennar, og sköpuðu um tvö þúsund og níu hundruð ólíkar myndir í nærri níutíu þúsund eintökum. 1970 var núverandi Tamarind-stofnun sett á fót í Albuquerque, Nýju Mexíkó, sem deild við háskóla Nýju Mexíkó (University of New Mexico). Árið 1985 hafði fjöldi listamanna aukist í fimm hundruð; og fjöldi steinprentmynda í fimm þúsund!

Styrkur Ford-stofnunarinnar við Tamarind steinprentunarvinnustofuna byggðist á tillögu, sem June Wayne lagði fyrir W. McNeil hjá Lista- og félagsvísindadeildinni (Humanities and Arts Program) 1959, en deildin var þá nýstofnuð. Wayne tiltók sex markmið:

- \* Að mynda hóp mjög hæfra prentara í Bandaríkjunum;
- \* Að gera fjölbreyttan hóp listamanna að meisturum á sviði steinprentmynda-gerðar;
- \* Að venja listamenn og prentara við samvinnu svo þeir læri að meta hæfileika hvors annars og tjáningarmöguleika þessa miðils;
- \* Að skapa nýja markaði fyrir steinprentmyndir;
- \* Að leiðbeina prenturum um hvernig þeir geti unnið fyrir sér á þessu sviði án þess að vera eingöngu háðir styrkjum og framlagi listamanna;
- \* Að vinna steinprentinu álit og virðingu á ný með því að búa til safn frábærra steinprentmynda.

Í raun má segja að á sjötta áratugnum hafi steinprentið verið í mikilli útrýmingarhættu í Bandaríkjunum, og akademískar hefðir hafi ráðið ríkjum á þessu sviði í Evrópu. Listamaðurinn Robert Rauschenberg sagði: „Síðari hluti tuttugustu aldarinnar er ekki rétti tíminn til að fara að teikna á steina“. En þegar Rauschenberg gafst tækifæri til að vinna með mjög hæfum prentara í vinnustofu Tatanya Grossman á Long Island, Universal Limited Art Editions, varð hann brátt viðurkenndur meistari í notkun þessa miðils. Þessi prentaðferð, sem virtist „úrelt“, reyndist vera mjög heppilegur farvegur fyrir hann til að sameina og blanda saman molum og leifum úr fjölmörgum lameningunni. Það var hægt að raða saman blaðaúrklippum, röntgenmyndum, rusli og veggjakroti á frumlegan hátt í myndinni, þar sem heildin er meira en aðeins samsetning eininganna.

Með aðstoð dugmikilla prentiðnaðarmanna fundu Rauschenberg og margir aðrir listamenn hér listmiðil sem hæfði nútímaþjóðfélaginu fullkomlega. Steinprent var uppgötvað sem fjölföldunaraðferð 1798 af Aloys Senefelder þegar honum urðu ljósir eiginleikar kalksteinsins sem var höggvinn í grjótnámum í heimalandi hans Bæjaralandi, og þróaði *Chemisch Druckery* (efnafræðilega prentun) til að prenta stórar útgáfur af nótnablöðum og leikritum.

Eitt helsta markmið Tamarind hefur verið að þjálfa prentara til að vera nákvæmir tækni-menn, en ekki síður til að töfra fram bestu mögulegar myndir, sem hugmyndaþróun listamenn hafa skapað. Jafnframt eru prentararnir hjá Tamarind ætíð hvattir til að finna þær aðferðir sem þörf er á til að uppfylla hinar fjölbreyttu listrænu kröfur, sem koma fram hverju sinni.

Á sjötta áratugnum þurftu þeir fáu bandarísku listamenn, sem vildu vinna steinprentmyndir, að ferðast yfir Atlantshafið, semja um verkið við evrópska vinnustofu, og fjármagna alla framleiðsluna. 1958 var Wayne einn þessara listamanna. Nú, þrjátíu árum síðar, hefur dæmið snúist við þar sem margir evrópskir listamenn ferðast yfir hafið til að vinna með bandarískum prenturum, sem margir hverjir hlutu þjálfun sína hjá Tamarind.

Frá 1960 til 1985 tók Tamarind 125 nema í prentnám. Fimmtíu og tveir einstaklingar luku þessu stranga og ýtarlega námi og hlutu TMP skírteini (Tamarind Master Printers), sem staðfestir hæfni þeirra til að vinna að steinprenti með hvers konar myndlistamönnum.

Eftir að Tamarind hafði starfað í áratug var haldið upp á endurvakningu steinprentsins á veglegan hátt, og þá sagði Adams m.a.: „Á sjötta áratugnum var óvenjulegt að hitta listamann sem hafði gert steinprentmyndir, en nú eru fáir listamenn í Bandaríkjunum sem ekki hafa starfað á þessu sviði ...“

Adams, sem var forstöðumaður Tamarind frá 1970 til 1985, lagði megináherslu á þjálfun prentara. Þessi erfiða námsbraut er eina skipulagða námsbrautin á sviði steinprentsins í heiminum. Áður en hann hætti störfum skipulagði Adams sýninguna „Fimmtíu listamenn / Fimmtíu prentarar“ til að sýna „ríkulegan árangur af samstarfi hæfileikafólks“ og „fjölbreytnina í bandarískri prentmyndagerð þennan aldarfjórðung (sem Tamarind hefur starfað)“.

Ef steinprentið er tæknilega flóknastur allra grafísku miðlanna, þá er það einnig fjölbreytt miðillinn - og er þannig einstaklega heppilegt fyrir valfrelsi tuttugustu aldarinnar, þar sem ógrynni samtímamynda eru mögulegar. Prentsteinninn getur numið fínlegustu blæbrigði; hann getur yfirfært djarft strok pensilsins, hvassa brún, dropa, skvettur og skvamp ákveðinnar hreyfingar; hann er nægilega viðkvæmur til að nema ljósmyndir; og slétt og fágæð yfirborð hans er kjörið fyrir skautlega litfleti. Allt þetta sést mjög vel á þessari sýningu.

Nakin veisla eftir Philip Pearlstein vitnar á skemmtilegan hátt til hinnar hefðbundnu notkunar steinprentsins sem miðils fyrir teiknara og hins vélræna vinnuferils. Hið klassíska viðfangsefni, nakin kona, er hér undarlega skorið í myndflötinn og síðan endurvarpast það af spegli inni í fletinum. Þegar prentað er af steininum, snýst myndin við; Pearlstein leggur áherslu á þessa umsnúninga og margfaldar þá með því að nota kantaðan spegil og því fleiri spegilmyndir.

Verk Carolyn Brady benda einnig til hefðbundinna steinprentmynda sem voru teiknaðar með kitarlitum. En andstætt því sem venjan er um hefðbundnar kyrrlífsmyndir, virðast þessar í raun hafa vaxið langt út fyrir eðlileg hlutföll. Þessi geysistöri hvíti diskur og hnífaþörin á munstruðum dúkunum gera myndirnar nær óhlutbundnar í eðli sínu.

Kettirnir sem Joan Brown teiknar virðast líka í yfirstærð. Brown hefur unnið talsvert af andlitsmyndum, sem eru ekki vinsælt efni í samtímanum, og af óbilandi kímningáfu hefur hún sett vini sína af kattakyni í mannlegar, formlegar stellingar.

Glæstar borgarmyndir Leonard Lehrer eru klassískara viðfangsefni en annað hér á sýningunni. Þessi verk vísa aftur til svart-hvítra mynda fyrri tíma, og aukatónn gefur myndunum svip af gömlum pappír. Í verkum Lehrers eru útlínur hins vegar ekki gerðar með hefðbundinni teikningu, heldur með sérstaklega blönduðum túsklit. Séðar úr fjarlægð gætu þessar sérstæðu myndir virst vera úr gömlu safni; við nánari athugun virka þessir reglulegu fletir nærri sem óhlutbundnar einingar.

Kraftmikil hreyfing verka George McNeil kemst stór vel til skila á prentsteininum, sem reynist kjörinn miðill fyrir órólega teikningu hans, vegna þess hve þéttur og seigur steinninn er. Pappírinn kemur þessu vel til skila frá steininum, en þyldi hins vegar illa þessa ákófu meðhöndlun á sjálfum sér.

Fritz Scholder er annar kraftmikill expressionisti, sem notar steinninn sem miðil til að grípa á lofti og margfalda hröð vinnubrögð sín, og síðan til að fjölfalda árangurinn. Fjæðra-höfuðbúnaðurinn í Mynd af indíána með stríðsöxi virðist alelda; duldarfullan kraft Töframannsins má rekja til tækni Scholder. Finlegur litur sem er prentaður yfir svartan flöt skapar þetta móðu, sem mannveran kemur út úr; túsklitun skapar áþreifanlegt hold, og rauðbrúnir taumarnir frá úlniðunum minna á blóð.

Craig Kauffman, Mel Ramos og Billy Al Bengston frá Suður-Kaliforníu nota sér möguleika steinprentsins til að tjá hreyfingu og látbragð á lífflegri hátt. Verk Kauffman, Bleikur stóll #2 og Gulur stóll #1 eru vinaleg, hæversk og litrík verk. Þau eru einföld að uppbyggingu, en nota lit og einfalt táknmál á mjög tjáningarríkan hátt. Mel Ramos notar líka einfaldar tákmyndir sem miðpunkt fyrir samsvörun við stóra, litríka fleti. Á svipaðan hátt notar Billy Al Bengston fagurlitaðan bakgrunn fyrir myndir sínar frá hitabeltinu; í Á morgundagsins eru tvær prentaðar myndir klipptar saman; í Dögg næturinnar er „regn-boga rúlla“ notuð til að gefa í skyn blöndu af sólsetri, himni og hafi.

Jay Phillips notar líka samsetningu mynda. Hann raðar sömu þremur lóðréttu hlutum saman á mismunandi hátt í mismunandi litum. Phillips kann vel að meta þá algjöru breytingu sem á sér stað í sömu myndunum með nýjum litum og breyttum staðsetningum. Hann skapar ekki einungis blómlegar myndir á síffeldri hreyfingu, heldur leikur hann sér einnig að samsetningu lita og myndþátta.

Steinprentmyndir Deborah Remington nýta sér gjörólíka eiginleika miðilsins. Hin íhugulu verk hennar bera vitni hljóðláttri spennu og geysilegri nákvæmni. Eins og í faguðu yfirborði steinsins er hér að finna mikla mykt, sem er aukin enn meir með fegurð litanna er nálgast fullkomnun í jafnvægi sínu.

Myndir Clinton Adams einkennast af skínandi litum, óhlutlægum formum og bakgrunni, sem minnir á vefnað. Eins og nöfnin benda til, kanna þessar ljóðrænu, en um leið kraftmiklu myndir áherslur og samhljóm flókinnasambanda.

Steven Sorman og George Miyasaki, tveir snillingar í sköpun áferðar og lifandi myndflatar, beina óhlutlægri myndgerð inn á enn aðrar brautir. Báðir skapa myndir sem gefa í skyn miklar víðáttur flatarins og fjölbreyttan veruleika uppbyggingar. Gagnsæi pappírinn, sem er settur ofan á prentað yfirborðið á Stökkinu, er dæmigerður fyrir efnislega meðferð listamannsins. Verk Sorman, Þýðing samtalsins, er yfirgripsmikil steinprentmynd með miðlægu myndefni, ólíkt mynd Miyasaki, þar sem spennan fyllir út í allan flötinn. Þessir tveir stólar í mynd Sorman eru tengdir saman með sterkum, dökkum túsklitum. Líkt og einstök orð í samtali ráðast pensilförin fram, hörfa, magnast, dofna og skarast. Að velja gljúpan japanskan pappír eykur á fínleika heildarinnar.

Í meira en áratug hefur Earl Linderman birt í verkum sínum draumórakenna sjálfsmynd sem hann kallar „Doktor Spennu“; í þessari mynd sést hetjan á miðju sviðinu, með fulla stjórn á umhverfi sínu.

Mannverurnar í myndum Margo Humphrey koma einnig úr ævintýraheiminum. Maður hittir konu í Næturkossinum, tíu lita steinprentmynd sem nýtir margháttaða tækni miðilsins. Fínlega teiknuð atriði blandast vel saman við svæði, sem eru lögð sterkari litflötum. Öryggi listamannsins í steinprentinu má rekja til langrar reynslu hennar sem prentara.

Listamennirnir James Havard og Jaune Quick-to-see Smith, sem eru af indíánaættum, vitna til sinnar arfleiddar í þessum steinprentmyndum. Havard, sem er einn af brautryðjendum abstrakt-tálmyndunar hreyfingarinnar í málalísi (abstract-illusionist painting movement) notar ljósmynd sem hluta af Fallinn örn. Ljósmyndin er hin fullkomna tálmynd nútímans í því að hún varðveitir og hleypir nýju lífi í hluti sem virðast ókunnir, þ.e. fortíðina. Nafnlausir, löngu látnir forfeður stara á okkur alvörugefnum augum frá flauelskennendum, svörtum bakgrunni. Quick-to-see er af ættum Soshone og frönsku Cree þjóðanna, en ólst upp á þjóðlendum Flathöfða í Montana. Í Norður Sandfell setur hún sig í samband við æskuslóðir sínar; hún birtist aftur í Suður Sandfell þar sem hún fylgist af miklum ákafa með þegar trönnurnar fljúga yfir núverandi heimkynni hennar í Nýju-Mexíkó.

Tvær konur meðal listamannanna flytja steinprentið skref í átt til þrívíddar. Zelt saumar saman efni og áprentaðan pappír, sem hefur verið klipptur og rifinn. Komið aftur til A-qq #1 er varfærnisleg en um leið áferðarfallag klippimynd, sem eykur mögulega sjónhverfingu. Það sem virðist vera ljósrít í lit af sólbakaðri framhlið heimilis í suðvesturríkjunum er í raun prentuð eftirmynd. Gail Gash sækir sinn innblástur í japanskar hefðir. Hver prentmynd eru tvö eða þrjú blöð í hárnákvæmu mynstri körfuvefnaðar. Fágaðir, dularfullir pakkar Gash sýna fram á næma og liðlega notkun miðilsins.

Prentmyndir Judy Rifka birta áhorfandanum sterka grafíska eiginleika með djörfum litum og línunum sem sameina óhlutbundna og fígúratíva þætti. Flóktandi línurnar vitna um mikinn áhuga Rifka á myndbandstækni og gefa um leið til kynna hreyfingu og líf.

# Skrá yfir verk á sýningunni:

1

Clinton Adams:  
Hirðans fyrir níu liti  
(Pavane for Nine Colors).  
Steinprentmynd í sjö litum;  
45,7 x 59,8 cm.  
Randy Gibbs þrykkti á Rives  
BFK pappír í 25 tölusettum  
eintökum.

2

Clinton Adams:  
Fúga fyrir níu liti  
(Fugue for Nine Colors).  
Steinprentmynd í átta litum;  
45,7 x 59,8 cm.  
Wayne Kline þrykkti á Rives  
BFK pappír í 20 tölusettum  
eintökum.

3

Billy Al Bengston:  
Dögg næturinnar  
(Agua a la Noche).  
Steinprentmynd í ellefu litum;  
57,2 x 55,8 cm.  
Wayne Kline þrykkti á svartan  
Arches pappír í 25 tölusettum  
eintökum.

4

Billy Al Bengston:  
At morgundagsins  
(Mañana Corrida).  
Steinprentmynd í tíu litum;  
63,5 x 120,6 cm.  
Catherine Kuhn þrykkti á  
Arjomari Arches pappír í 25  
tölusettum eintökum.

5

Carolyn Brady:  
Hvítur diskur á klukkublómum  
(White Plate on Morning  
Glories).  
Steinprentmynd í svörtu;  
55,8 x 76,2 cm.  
Lynne Allen þrykkti á  
japanskan ætingarpappír í 30  
tölusettum eintökum.

6

Carolyn Brady:  
Hvítur diskur á bleikum dúk  
(White Plate on Pink Grid).  
Steinprentmynd í fimm litum;  
58,3 x 80 cm.  
Lynne Allen þrykkti á þýskan  
ætingarpappír í 40 tölusettum  
eintökum.

7

Joan Brown:  
Donald.  
Steinprentmynd í fimm litum;  
76,2 x 55,8 cm.  
Marcia Brown þrykkti á Rives  
BFK pappír í 40 tölusettum  
eintökum.

8

Joan Brown:  
Leela.  
Steinprentmynd í fimm litum;  
102,8 x 76,2 cm.  
Lynne Allen þrykkti á þýskan  
ætingarpappír í 36 tölusettum  
eintökum.

9

Gail Gash:  
Shin Hanga V.  
Steinprentmynd í níu litum;  
50,8 x 50,8 cm.  
Marcia Brown þrykkti á tvö  
blöð af hvítum Arches pappír,  
braut og pressaði saman í 40  
tölusettum eintökum.

10

Gail Gash:  
Shin Hanga VI.  
Steinprentmynd í níu litum;  
50,8 x 50,8 cm.  
Lynne Allen þrykkti á tvö blöð  
af hvítum Arches pappír og á  
Michael Badger pappír, klippti,  
braut og pressaði saman í 40  
tölusettum eintökum.

11

James Havard:  
Fallin öxi (Fallen Eagle).  
Steinprentmynd í átta litum;  
102,8 x 72,4 cm.  
Lynne Allen þrykkti á Arjomari  
Arches pappír í 50 tölusettum  
eintökum.

12

Margo Humphrey:  
Lukkudísinn hvetur þig til að  
taka áhættu (Lady Luck Says  
Come Take a Chance).  
Steinprentmynd í sex litum;  
56,5 x 77,5 cm.  
Russel Craig þrykkti á þýskan  
ætingarpappír í 40 tölusettum  
eintökum.

13

Margo Humphrey:  
Næturkossinn (The Night Kiss).  
Steinprentmynd í tíu litum;  
55,8 x 76,2 cm.  
Tom Pruitt þrykkti á hvítan  
Arches pappír í 40 tölusettum  
eintökum.

14

Craig Kauffman:  
Bleikur stóll #2  
(Pink Chair #2).  
Steinprentmynd í átta litum;  
78,7 x 19,5 cm.  
Lynne Allen og Barbara Telleen  
þrykktu á hvítan Arches pappír  
í 50 tölusettum eintökum.

15

Craig Kauffman:  
Gulur stóll #1  
(Yellow Chair #1).  
Steinprentmynd í níu litum;  
104,2 x 69,8 cm.  
Barbara Telleen þrykkti á  
hvítan Arches pappír í 40  
tölusettum eintökum.

16

Leonard Lehrer:  
Garða tvímynd  
(Garden Diptych).  
Steinprentmynd í tveim litum;  
57,2 x 76,2 cm.  
Catherine Kuhn þrykkti á Rives  
BFK pappír í 50 tölusettum  
eintökum.

17

Leonard Lehrer:  
Veduta.  
Steinprentmynd í tveim litum;  
57,2 x 76,2 cm.  
Yasutoshi Ishibashi þrykkti á  
Rives BFK pappír í 50  
tölusettum eintökum.

18

Earl Linderman:  
Doktor Spenna í miðhringnum  
(Doctor Thrill in the Center  
Ring).  
Steinprentmynd í fimm litum;  
76,2 x 55,8 cm.  
Lynne Allen þrykkti á hvítan  
Arches pappír í 43 tölusettum  
eintökum.

19

George McNeil:  
Lifað hátt (High Life).  
Steinprentmynd í fjórum litum;  
55,8 x 71,2 cm.  
Lynne Allen þrykkti á þýskan  
ætingarpappír í 40 tölusettum  
eintökum.

20

George McNeil:  
Kvalir Dionysusar  
(Dionysus Agonistes).  
Steinprentmynd í þrem litum;  
111,7 x 81,2 cm.  
Marcia Brown þrykkti á  
Arches pappír í 50 tölusettum  
eintökum.

21

George Miyasaki:  
Prumuveðrið  
(Tormenta de Truenos).  
Steinprentmynd í fjórum litum;  
63,5 x 49,5 cm.  
Barbara Telleen þrykkti á  
Arjomari pappír í 50  
tölusettum eintökum.

22

George Miyasaki:  
Stökk (Gallop).  
Steinprentmynd í fjórum litum;  
101,6 x 76,2 cm.  
Lynne Allen þrykkti á þýskan  
ætingarpappír, með Goyu og  
Okawara collé pappír í 50  
tölusettum eintökum.

23

Philip Pearlstein:  
Nakin veisla (Fiesta nude).  
Steinprentmynd í fjórum litum;  
63,5 x 52 cm.  
Lynne Allen þrykkti á þýskan  
ætingarpappír í 50 tölusettum  
eintökum.

24

Jay Phillips:  
Bogagöng að sumri  
(Summer Arcade).  
Steinprentmynd í sjö litum;  
64,1 x 81,2 cm.  
Marcia Brown þrykkti á þýskan  
ætingarpappír, gulan Rives  
pappír og japanskan ætingar-  
pappír, braut og klippti saman í  
40 tölusettum eintökum.

25

Jay Phillips:  
Bogagöng að kvöldi  
(Evening Arcade).  
Steinprentmynd í sex litum;  
64,1 x 81,2 cm.  
Marcia Brown þrykkti á þýskan  
ætingarpappír, Arjomari  
Arches og japanskan ætingar-  
pappír, braut og klippti saman í  
40 tölusettum eintökum.

26

Mel Ramos:  
Oakland: Óður til Moe  
(Oakland: Ode to Moe).  
Steinprentmynd í sjö litum;  
55,8 x 77,5 cm.  
Catherine Kuhn þrykkti á  
Arches pappír í 45 tölusettum  
eintökum.

27

Mel Ramos:  
Tenerife: Óður til Moe  
(Tenerife: Ode to Moe).  
Steinprentmynd í fimm litum;  
55,8 x 147,3 cm - tvö blöð  
hengd saman.  
Lynne Allen og William  
Haberman þrykktu á Arches  
pappír í 34 tölusettum  
eintökum.

28

Deborah Remington:  
Narth.  
Steinprentmynd í fimmtán  
litum; 66 x 50,8 cm.  
Yashutoshi Ishibashi þrykkti á  
hvítan Somerset-satín pappír í  
40 tölusettum eintökum.

29

Deborah Reminton:  
Síra.  
Steinprentmynd í þrettán  
litum; 68,5 x 53,3 cm.  
Catherine Kuhn þrykkti á hvítan  
Somerset-satín pappír í 36  
tölusettum eintökum.

30

Judy Rifka:  
Rauður, hundurinn með lita-  
sjónina (Red, the Dog with  
Color Vision).  
Steinprentmynd í fjórum litum;  
57,2 x 76,2 cm.  
Barbara Telleen þrykkti á  
þýskan ætingarpappír í 40  
tölusettum eintökum.

31

Judy Rifka:

A. safnið (A. Museum).

Steinprentmynd í fjórum litum;  
57,2 x 76,2 cm.

Wayne Kline þrykkti á gulan

Arches pappír í 36 tölusettum  
eintökum.

32

Fritz Scholder:

Mynd af indíána með stríðsöxi  
(Indian portrait with Tomahawk  
(State I)).

Steinprentmynd í fjórum litum;  
76,2 x 55,8 cm.

David Salgado þrykkti á gulan  
Arches pappír í 75 tölusettum  
eintökum.

33

Fritz Scholder:

Töframaðurinn (The Magician).

Steinprentmynd í sex litum;  
99 x 67,2 cm.

Lynne Allen og Marcia Brown  
þrykktu á þýskan ættingar-  
pappír í 60 tölusettum  
eintökum.

34

Jaune Quick-to-see Smith:

Suður-Sandfell  
(Sandhill South).

Steinprentmynd í þrem litum;  
76,2 x 38,1 cm.

Barbara Telleen þrykkti á  
hvítan Somersset-satín pappír í  
47 tölusettum eintökum.

35

Jaune Quick-to-see Smith:

Norður-Sandfell  
(Sandhill North).

Steinprentmynd í þrem litum;  
38,1 x 106,7 cm - með  
álímdum kili sem listamaðurinn  
hefur handmálað.

Barbara Telleen þrykkti á  
hvítan Arches pappír í 40  
tölusettum eintökum.

36

Steven Sorman:

Þýðing samtalsins (The Meaning  
of the Conversation).

Steinprentmynd í tveim litum;  
76,2 x 146 cm.

William Haberman þrykkti á  
Nishinouchi Gasen pappír í 38  
tölusettum eintökum.

37

Steven Sorman:

Vestur Sambandið / Hvíldar-  
dagsvatnið (West Union /  
Sabbathday Lake).

Steinprentmynd í tveim litum;  
60,9 x 132 cm.

Catherine Kuhn þrykkti á Toshi  
pappír (klippti og setti upp á  
Chiri pappír) í 41 tölusettu  
eintaki.

38

Robert Vickrey:

Systir Mariposa  
(Sister Mariposa).

Steinprentmynd í sex litum;  
63,5 x 48,2 cm.

Marcia Brown þrykkti á Rives  
BFK pappír í 40 tölusettum  
eintökum.

39

Robert Vickrey:

Tréhestar (Wooden ponies).

Steinprentmynd í sex litum;  
55,8 x 71,2 cm.

Marcia Brown þrykkti á Rives  
BFK pappír í 40 tölusettum  
eintökum.

40

Martie Zelt:

Komið aftur til A-qq #1  
(Return to A-qq #1).

Steinprentmynd í sjö litum;  
66 x 55,8 cm.

Wayne Kline þrykkti á Cuervo  
og Michael Badger handunninn  
pappír og Rives BFK pappír í 25  
tölusettum eintökum.